

Kirkjuþing 2022-2023

7. mál – þskj. 7

T I L L A G A

til þingsályktunar um breytingu á Vímuvarnarstefnu Þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af biskupi Íslands.

Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir

Kirkjuþing 2022-2023 samþykkir eftirfarandi breytingu á Vímuvarnarstefnu Þjóðkirkjunnar.

Í kafla IV *Aðgerðaráætlun- þjóðkirkjan* breytist liður iii og hljóðar svo:

Benda starfsmanni á meðferðarúrræði og jafnframt að skrá atferli hans og veita skriflegt tiltal eins og kjarasamningur presta gerir ráð fyrir eða áminna starfsmann ef við á. Ef starfsmaður bætir ekki ráð sitt má gera ráð fyrir að honum verði sagt upp störfum.

Greinargerð.

Vímuvarnarstefna Þjóðkirkjunnar var samþykkt á kirkjuþingi 2021-2022 í nóvember 2021. Þar er gert ráð fyrir í iii-lið, 3. gr. IV. kafla, að vakni grunur um að starfsmaður sé undir áhrifum áfengis og/eða vímuefna í vinnu, neyti slíkra efna í því magni að það komi marktækt niður á mætingu og/eða vinnuframlagi, að starfsmanni verði veitt tiltal, áminningu og loks megi búast við uppsögn viðkomandi starfsmanns.

Að þessu leyti rímar stefnan ekki við það réttarumhverfi sem starfsmenn kirkjunnar búa við. Þannig gerir Kjarasamningur Prestafélags Íslands og Þjóðkirkjunnar ráð fyrir skriflegu tiltali áður en til uppsagnar kemur en lög um opinbera starfsmenn nr. 70/1996 gera ráð fyrir áminningu áður en til uppsagnar kemur.

Er hér lagt til að starfsmaður fái skriflegt tiltal í skilningi Kjarasamnings Prestafélags Íslands og Þjóðkirkjunnar eða áminningu, en áminning á eingöngu við um þá starfsmenn sem enn eru á skipunartíma og njóta því enn réttinda og bera skyldur sem opinberir starfsmenn.